

Fréttir af RTR

Laus RTR störf

Leiðrétting: RTR starfið í Félagsþjónustunni í Síðumúla losnar 2. desember og er þess vegna auglýst aftur.

Vinnutími er alla virka daga frá 11:00 - 15:00. Starfið felur í sér móttöku viðskiptavina, símsvörun, skjalavörslu, undirbúning funda og umsjón kaffistofu.

Hagkaup: Starfið er laust í nóvember. Vinnutími er alla virka daga frá 9:00-13:00. Starfið felur í sér áfyllingu í Nammlandinu í Hagkaupum í Skeifunni.

Ráðið í RTR í Félagsmálaráðuneytinu

Búið er að ráða í RTR starfið í félagsmálaráðuneytið. Guðrún Helgadóttir var valin í starfið og hóf hún störf 2. október sl. Óskum við henni innilega til hamingju með nýja starfið.



Myndbirtingar í miðlum okkar

Við birtum reglulega myndir af félögum og starfsfólki í Litla-Hver, Gosinu, Geysir Chronicle, vefsíðu Klúbbsins og víðar. Ef félagi vill ekki að myndir séu birtar af honum í þessum miðlum þá er hann beðinn um að tilkynna óskir sínar varðandi myndbirtingar til viðkomandi ritstjórna

Klúbburinn Geysir er opin allra virka daga frá kl. 08:30 - 16:00, nema föstudaga er lokað kl. 15:00.

Fram undan í nóvember

Fimmtudagur 2. nóvember

Opið hús til kl. 20:00
Kynning frá 1717
Allir að mæta!

Fimmtudagur 9. nóvember

Bíóferð. Mýrin

Fimmtudagur 16. nóvember

Fyrirtækjaheimsókn eða kaffihús.
(Nánar auglýst síðar)

Fimmtudagur 23. nóvember

Jólafondur

Fimmtudagur 30. nóvember

Gönguferð

Morgunfundir

Morgunfundir eru nú alla morgna og hefjast klukkan 09:00. Munið frían morgunmat frá 9:00 til 9:30
Allir að mæta

Deildarfundir

Fundir í deildum eru haldnir á hverjum degi kl. 9:30 og 13:00 þar sem farið er yfir verkefni sem liggja fyrir hverju sinni. Við hvetjum félagi til að mæta á fundina.



Húsfundir!

*Húsfundir eru miðvikudaga kl. 14:30. Rétti staðurinn fyrir félagi til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.
Allir að mæta!!!*

11. tölublað, nóvember 2006

Litli Hver

Myndlistarsýning í Ráðhúsinu



Myndin er tekin yfir austursal Ráðhúss Reykjavíkur þar sem sett var upp myndlistarsýning í tilefni Alþjóða geðheilbrigðisdagsins 10. október síðastliðinn.

Í tilefni Alþjóða geðheilbrigðisdagsins var ákveðið að efla til myndlistarsýningar geðsjúkra. Klúbburinn Geysir tók að sér framkvæmd sýningarinnar sem stóð yfir dagana 7.-8. október síðastliðinn. Alls bárust rúmlega 80 myndir, sem staðfesti enn og aftur hversu mikilvægt er að geðsjúkir hafi

opinberan vettvang til þess að kynna list sína. Margir félagar í Geysi auk starfsfólks og myndlistarmanna hjálpuðust að við að setja sýninguna upp. Margir gestir komu og sáu sýninguna og voru gestir og þátttakendur ánægðir með afraksturinn.



Skipholti 29, 105 Reykjavík
Sími: 551-5166, fax: 551-5136
Netfang: kgeysir@kgeysir.is
Veffang: www.kgeysir.is

Sjálfbóðaliði frá Marokkó

Klúbburinn Geysir hefur gert samning við Alþjóðleg ungmennaskipti (AUS) um að ungt fólk á vegum samtakanna sem dvelja á Íslandi taki að sér sjálfbóðastörf í Geysi.



Fyrstur sjálfbóðaliða AUS til að hefja störf í Geysi heitir Kassem og kemur frá Marokkó. Við bjóðum hann velkominn til starfa og vonum að hann njóti vistarinnar í Geysi. Ef vel tekst til með þetta samstarf mun Geysir leita eftir áframhaldandi samstarfi við AUS.

Þátttaka Geysis í 9. Evrópuráðstefnu Klúbbhúsaahreyfingarinnar

9. Evrópuráðstefna Klúbbhúsaahreyfingarinnar verður haldin í München dagana 21. til 24. nóvember. Þátttakendur frá Geysi eru Kjartan Emil Sigurðsson, Linda María Guðjónsdóttir, Kristinn S. Einarsson og Benedikt Gestsson.

Geysir mun flytja erindi um úttektarferlið og niðurstöður úttektar. Undirbúningur hefur staðið yfir frá því snemma í haust. Reynt hefur verið að halda fundi reglulega, með þátttöku áhugasamra klúbbfélaga, og hefur það gengið vel. Miklar og gagnlegar upplýsingar hafa heyrast á fundunum, sem nýtast munu við samningu erindisins.



Ein útgáfa kvintettsins tilbúinn í blásturinn

Töframáttur tónlistar

Mánudaginn 23. október voru haldnir aðrir tónleikar í tónleikaröðinni „Töframáttur tónlistar“. Fimm félagar og tveir starfsmenn Geysis hlýddu á undur hljómfagra tónlist Blásarakvintetts Reykjavíkur í Listasafni Íslands.

Dagskráin spannaði vítt svið, allt frá Mozart til Sigfúsar Halldórssonar og frá háklassík til djass. Tónlistin rann ljúflega um hlustir áheyrenda í fjörlegum flutningi kvintettsins.

3. og 4. tónleikarnir í þessari tónleikaröð sem Gunnar Kvaran stjórnar, verða í mars og apríl 2007.

Hafi aðstandendur og flytjendur hjartans þakkir fyrir stórkostlega tónleika.

Lyftumál

F i m m t u - daginn 12. október var s k r i f a ð undir samning við Íslandslyftur um uppsetningu á lyftu í Klúbbnum Geysi. Uppsetning lyftunnar hefst í desember.



Fréttir af húsfundum í október

4. október

Lagt fyrir erindi frá fangelsismálastofnun. Er hún með hugmyndir um að fangar sem eiga við geðræn veikindi að stríða geti komið í Klúbbinn Geysi til að ljúka afplánun. Dagskrá Geðdaga lesin. Allir félagar hvattir til að mæta eftir hádegi á föstudaginn til þess að setja upp myndlistarsýningu í Ráðhúsinu. Klúbburinn Geysir verður með kynningarbás laugardaginn 7. október. Ráðstefna verður í München 22.-24. nóvember. Skipa valnefnd til þess að velja féлага á ráðstefnu í München. Tveir félagar fara til München.

11. október

Á ráðstefnunni 10. október var rætt um lyf og lyfjanotkun, og að ráðuneyti sameini málefni geðsjúkra og fatlaðra. Einnig rætt um að menntamálaráðuneytið athugi menntun geðsjúkra. Rætt um að auglýsa það í Litla-Hver í nóvember. Skrifað var undir lyftusamning 12. október síðastliðin og vinna við uppsetningu hennar vonandi komin af stað í desember. Aðalfundur Hlutverks verður haldinn föstudaginn 13. október frá 10-14. Mæting æskileg þar sem fjallað verður um vef Hlutverks. Einn félagi bauð sig fram fyrir hönd klúbbsins.

18. október

Farið var á fund í Íslandspósti. Hugmynd um RTR starf í pósturðri og póstflokkan verður rædd frekar í næstu viku. RTR störf hjá Félagsþjónustu Síðumúla og Hagkaupum eru að losna. Félagar hvattir til að sækja um. Félagar geta farið með starfsmönnum á vinnustaðina til að kynna sér starfið. Verið er að opna íbúðir á vegum Kópavogsbæjar fyrir geðfatlaða. Móttaka kl. 15:00 á föstudag. Björk fór á haustfund Hlutverks síðastliðinn föstudag og greindi hún frá því helsta sem fram

kom á fundinum. Það má fara að skipa í skemmtinefnd/happdrættisnefnd fyrir jólaboðið. Beiðni um að Klúbburinn Geysir verði með tvö erindi í viðbót á ráðstefnu í München: Hvernig á klúbbhúsi að gera sig gildandi í samfélaginu og hvernig vekjum við áhuga félaga og starfsfólks.

25. október

Félagsleg dagskrá í nóvember ákveðin. Framkvæmdir vegna lyftu ræddar. Umræður um hvort það ætti ekki að loka reyknum. Almennt ekki reykt inni í húsum erlendis. Samráðsfundur úrræðanna verður í Hugarafli föstudaginn 27. október kl. 13:30. Verið er að vinna á fullu að erindi fyrir ráðstefnuna í München. RTR starf hjá Félagsþjónustunni Síðumúla losnar um miðjan nóvember, einnig er að losna starf í Hagkaupum. Kynningar á deildum. Kynningarhópurinn velur dagsetningar fyrir slíkar kynningar. Við minnum fólk á að skrá sig í skemmtinefnd fyrir jólaboðið.

Þriðjudaginn 7. nóvember heldur Int- rum námskeið fyrir féлага.

Námskeiðið er um réttindi og skyldur ábyrgðarmanna í lánaviðskiptum. Hvernig ferlið er og hvað hægt er að gera ef ábyrgð fellur á ábyrgðarmann.

Markmiðsáætlanir

Markmiðsáætlun er verkfæri sem þú getur notað til að taka ábyrgð á eigin lífi og getur það minnt þig á alla þá jákvæðu hluti sem þú getur gert. Nú er hægt að velja sér einn af starfsmönnum Geysis og festa niður tíma með þeim til að vinna þína markmiðsáætlun.